



**60. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar  
miðvikudaginn 12. september 2012, kl. 14:30.**

**Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

**Dagskrá:**

1. Rekstraryfirlit Blönduósbæjar – Deildir
  2. Íþróttamiðstöð Blönduósbæjar
  3. Kynning vinnuhóps um málefni leikskóla
  4. Fundargerðir:
    - a) Heilbrigðisnefndar frá 5. September 2012
  5. Útboð á tryggingum
  6. Ársreikningur og fjárhagsáætlun Hafnarsambands Íslands
  7. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012
  8. Önnur mál
- 

**Afgreiðslur:**

**1. Rekstraryfirlit Blönduósbæjar – Deildir**

*Valgerður Hilmarsdóttir, fjármálastjóri Blönduósbæjar, mætti á fundinn og gerði grein fyrir rekstri einstakra deilda Blönduósbæjar.*

**2. Íþróttamiðstöð Blönduósbæjar**

*Bæjarstjóri og fjármálastjóri kynntu hugmyndir að nýju skipulagi Íþróttamiðstöðvar. Gert er ráð fyrir stöðu forstöðumanns sem hefur yfirumsjón með rekstri og starfsmannahaldi. Kynnt var starfslýsing og starfskjör forstöðumanns.*

*Bæjarráð samþykkir umræddar skipulagsbreytingar.  
Valgerður Hilmarsdóttir yfirgefu fundinn.*

**3. Kynning vinnuhóps um málefni leikskóla**

*Á fundi bæjarráðs þann 1. mars 2012 var ákveðið að formaður fræðslunefndar, leikskólastjórar og fræðslustjórir hefji vinnu við stöðugreiningu um starfsemi leikskólans með það fyrir augum að traustari grunnur skapist við ákvörðunartöku um málefni leikskólans til framtíðar. Bæjarstjórn tilnefndi Önnu Margreti Sigurðardóttur í nefndina.*



## Bæjarráð Blönduósbæjar

Auðunn Steinn Sigurðsson, formaður fræðslunefndar, Guðjón Ólafsson, fræðslustjóri, Jóhanna Jónasdóttir, leikskólastjóri og Anna Margrét Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri mættu á fund bæjarráðs til að kynna niðurstöður nefndarinnar.  
Bæjarráð vill þakka nefndinni fyrir góða, vandaða og upplýsandi kynningu.

#### 4. Fundargerðir:

- a) **Heilbrigðisnefndar frá 5. September 2012**  
Lögð fram til kynningar.

#### 5. Útboð á tryggingum

Fyrir fundinn liggur tíma-og kostnaðaráætlun Ríkiskaupa vegna útboðs á tryggingum Blönduósbæjar.  
Bæjarráð samþykkir áætlunina.

#### 6. Ársreikningur og fjárhagsáætlun Hafnarsambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

#### 7. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012

Ársfundur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður haldinn miðvikudaginn 26. september nk. á Hilton Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.  
Bæjarstjóri mætir á fundinn.

#### 8. Önnur mál

Bæjarstjóri kynnti drög að samningi við Blöndubbyggð ehf. um skólamáltíðir við Blönduskóla.  
Bæjarráð samþykkir samninginn.

Á bæjarráðsfundi þann 25. júlí sl. samþykkti bæjarráð Blönduósbæjar að óska eftir umsögn sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytisins hvort að lagalegar forsendur væru fyrir því að heimila löndun byggðakvóta á almennan markað. Svar ráðuneytisins barst með tölvupósti dags. 31. ágúst sl. á þá leið að það teldi ekki lagalegar forsendur til þess að breyta áður samþykktum og settum reglum þar sem búið að væri að afhenda og eftir atvikum að veiða hluta byggðakvótans samkvæmt reglunum. Náist ekki að afhenda eigendum þeirra fiskiskipa sem hafa fengið loforð frá Fiskistofu byggðakvóta þessa fiskveiðiárs flyst hann yfir á næsta fiskveiðiár og verður úthlutað að nýju með þeim byggðakvóta sem hugsanlega kemur í hlut Blönduósbæjar á næsta fiskveiðiári.

Með bréti atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytisins frá 10. september sl. var auglýst eftir umsókn Blönduósbæjar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2012/2013.  
Bæjarstjóra falið að sækja um byggðakvóta.

Fundargerð upplesin og samþykkt.  
Fundu slitið 17:35

Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Anna Margrét Sigurðardóttir (sign.)  
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)